1920

~~Knu~~
Mar

Ræður
við
jarðarför Margrétar Andreu
Knudsen

RÆÐUR

VIÐ JARÐARFÖR

KAUPMANNSEKKJU MARGRÈTAR ANDREU KNÚDSEN,

FLUTTAR AF


STIPTPRÓFASTI *Á. HELGASYNI*

OG

DÓMKIRKJUPRESTI, PRÓFASTI *A. JÓHNSEN.*

ÚTGEFNAR

AÐ TILHLUTUN OG Á KOSTNAÐ NOKKURRA BARNA OG TENGDABARNA HINNAR LÁTNU.



REYKJAVÍK.

Prentaðar í prentsmiðju landsins

1851.

97678



I.

HÚSKVEÐJA

flutt af stiptprófasti Árna Helgasyni.

Þareð vèr stöndum hèr við líkkistu, sem geymir líkama merkis-konu í þessum söfnuði, kemur mèr til hugar að renna auga og snúa minni athygli þángað, með hverri hugsun og tilfinníngum sú framliðna muni hafa gengið sína síðustu gaungu til grafarinnar; kannske fleirum komi sama til hugar, sem mèr? Það sýnist mèr ekki torveldt, að geta hèr i vonirnar, eða leysa úr þessari spurníngu, því sú framliðna lifði í þessu bygðarlagi fyrir víst hálfa öld, og þó margir af hennar jafnöldrum sèu hèðan fluttir á undan henni, þá eru niðjar þeirra eptir, sem bæði af nokkurri þekkíngu og af orðum foreldra sinna geta farið nærri um, hverjar hugsanir og hverjar tilfinníngar muni helzt hafa verið vakandi hjá vorri framliðnu, þegar hún fann til dauðans átekta, meðan hún hafði ráðrúm til að hugsa, áðurenn öll tilfinníng hafði yfirgefið hana; því til að vita þetta þarf ekki annað, enn hugleiða, hverjar hugsanir og tilfinníngar henni voru eginlegastar allan þann tíma, sem vèr áttum kost á að þekkja hana, og einkum munu allir, sem

þekktu hana, minnast þess, að hún, með öllu því tápi og dugnaði, er henni var gefinn, lèt sèr mest annt um, með guðlegu sinni alla æfi að gegna lífsins skyldum. Það vitum vèr, að hún tvískipti ekki sínu hjarta; *eitt er nauðsynlegt*, hugsaði hún, og þegar hún alla æfi áleit það einkar nauðsynlegt, að reynast trú í sinni köllun, gjörum vèr ráð fyrir, að hennar sinni hafi verið hið sama fram í andlátið, einkum þareð árin voru orðin mörg (70) á baki; úr því breytist sinnið trauðlega. En — hver var þá hennar köllun, eptir að hèr var komið? Var hún önnur enn þolgæði og auðsveipni undir guðs vilja? Þegar nú hennar sinni hafði ætíð verið guðlegt, ætlast eg til, að guðlegleiki sinnisins hafi þannig komið fram í því seinasta lífsins atríði.

Af því eg er sannfærður um — og það munu allir vera, sem hana rètt þekktu — að hennar sinni var ætíð guðlegt, já, ekki einasta guðlegt, heldur guði handgengið, svo má gjöra ráð fyrir, að hún hafi, líka í sínu síðasta stríði, leitað guðs miskunar í auðmýkt hjartans; því aldrei kom henni til hugar, að hún væri ekki lík öðrum mönnum, og vèr vitum, að vèr þurfum allir fyrirgefníngar; en fyrirgefníngar leitaði hún með kristilegu trúnaðartrausti hjá miskunsemdanna föður, því hennar hjarta fordæmdi hana ekki.

Heunar sama guðlega sinni hefir og víst minnt hana á, að þakka guði fyrir handleiðslu á sèr og sínum á þessa lífs vegferð. Fyrst og fremst fyrir það, að hann hafði gefið henni heilbrigða sál í heilbrigðum líkama (og þetta er mikil gjöf), góðan mann, töluverdt barnalán, stöðuga heilbrigði, nægilega auðlegð; og þareð hennar líf, eins og margra annara, hafði verið blandað gleði og mæðu, svo hefir hún ekki síður þakkað guði fyrir það, hversu hann stirkti hana til að bera sínar raunir kristilega, heldurenn fyrir

þann lífsins fögnuð,' sem henni veittist; því þó lífsins gæði sèu oss ætíð velkomin, þykir oss enn vænna um þann stirk, sem vèr fáum í vorri mæðu; því þegar svo á stendur, finnur hverr og einn, að hann þarf liðsinnis; en sú hjálp, sem kemur, þegar á liggur, er hún ekki dýrmætust?

Þetta læt eg nú nóg sagt um þær hugsanir viðvíkjandi guði, sem mèr þykir líklegast að hafi lengst vakað hjá þessari framliðnu merkiskonu.

En þeim viðvíkjandi, sem hún svo mörg ár hafði lifað hèr með, og þeim mikla afkvæma fjölda, sem hún á hèr eptir sig, þykir mèr líklegt, að hún hafi skilið í ástsemi við alla þá, sem henni voru ekki nákomnir, já, með því sama velvildarfulla sinni, sem henni var eginlegt, um hverja velvild eg að eins vil geta þess, að hún kom ekki eins fram í orði, sem verki. Já, góðsemi hennar sýndi sig ekki að eins með gjöfum við nauðstadda, sem er sú auðveldasta góðsemi fyrir þann, sem hefur nokkur efni, heldur og í merkilegum kærleiksverkum, sem fáar konur í hennar röð og kríngumstæðum mundu hafa í tè látið við þá, sem þau komu fram við. En þegar hún var nú svona góðsöm við þá, sem henni voru ekki vandabundnir, og við hverja þessvegna auðvitað er, að hún hefir skilið í ástsemi, þá má nærri geta, með hverjum tilfinníngum hún hafi skilið við þá, sem henni voru nákomnastir, við sinn afkvæma fjölda, einkum þareð hún var framúrskarandi móðir, og hafði elskulega annast þau, meðan þurftu og hún gat. Mèr er þá ekki láandi, þó eg ætli, að hún í sínu dauðastríði hafi munað til þeirra og ekki gleymt, að fela þau guðlegri forsjón.

En — með hverjum hugsunum og tilfinníngum erum vèr nú samansafnaðir að þeim fjölum, sem geyma það dauðlega af þessari guðlegu, tápmiklu

heiðurskonu? Eg segi (fyrir mig) og hugsa jafnframt, að allir, með litlum mismun verri og betri, sèu rètt eins og eg. Eg kom híngað með virðíngarfullri endurminníngu hinnar framliðnu. Eg kom hèr með tilhugsun þess, sem skáldið kvað (og mèr er það ekki láandi, fyrst eg hefi fleiri ár á baki, enn hún): „*Ætíð þá sjer þú sálað hold sett vera niður í jarðar mold, hriggur þú vert og hugsa brátt: hèr við þú líka skiljast átt*". En hriggur get eg ekki verið, þó skáldið mæli svo fyrir; eg vil heldur undirtaka með postulanum: „*þó min líkams tjaldbúð slitni dagleya, hefi eg annað hús eilíft, óforgengilegt, á himnum*". Og þareð eg er nú svona til sinnis, þá má nærri geta, að eg muni ekki eginlega vorkenna þeirri framliðnu, að nú var hennar vegferð á enda. Og þó eg ætlist til, að allir, sem konu þessa þekktu, heiðri hennar dugnað, sem guð hafði gefið henni, elski hennar góðsemi, sem líka var guðs gjöf, og gleymi aldrei gjafara alls góðs — því hvað hefur þú, maður! sem þú hafir ekki þegið? — þá ætlast eg ekki hvað sízt til, að börn hennar muni til móður sinnar muna — eg man svo vel til móður minnar!

Allir skulum vèr þakka guði fyrir slíka konu, móður og hússmóður. Og hverr höfðíngi, hverr kóngur, hverr maður getur verið heiminum uppbyggilegri, enn góð móðir? Nú, guð gaf, guð tók, sè hans nafn lofað! En guð tekur ekki svo, að hann taki eilíflega og algjörlega, því eilíflega verður þessi kona móðir sinna barna, vinkona þeirra, sem hana heiðruðu og elskuðu; og þó hún komi eigi til vor aptur, svo komum vèr til hennar, þegar kallið kemur, að vèr skulum hèðan halda. Friður sè með þeirri framliðnu! Guð gefi, margar konur fæðist henni líkar! — Og af hverri rót er nú líklegra að óska, þær spretti

heldurenn þeirri, sem hèr á að gróðursetjast? — konur, eins fríar við lífsins, eða aldarinnar, hègómaskap, konur, sem álíti það hið fyrsta, að gegna lífsins köllun, því það er sama sem leita guðs ríkis og hans rèttlætis, og vænta þess svo, að fá allt annað, sem við þarf, í viðbót.

Nú færum vèr þetta lík úr þessu húsi, en eg er viss um, að þeim, sem eptir eru í því, þykir sjónarsviptir verða, þegar líkið er út flútt, og kannske segi: „*prýðin er tekin úr mínu húsi*“. Svo mundi og hvert annað barna hennar, undir hvers þaki hún hefði andast, hafa með sanni sagt; því eins og hún frá æsku aldri var uppbyggileg hverju húsi, sem hún lifði í, allt fram að andlátinu, svo var hún líka hvers húss prýði. En nú er hún flutt í prýðilegra hús, og einmidt um það leyti, að þau árin voru komin, að minnsta kosti í nánd, sem oss líka ekki. Og þó þeir, sem nú trega þá framliðnu, geti ekki vænt, að hún komi til þeirra aptur, svo er þó vonin, á sínum tíma að koma til hennar.

Friður sè með hennar moldum!
Guð huggi þá, sem hrigðin slær,
Hvert þeir eru fjær eða nær! amen!

II.

RÆÐA 

flutt í kirkjunni af dómkirkjupresti Á. Johnsen.

Sælir eru þeir dauðu, sem í drottni deya! Andinn segir, að þeir hvíli af þeirra erfiði og þeirra verk fylgi þeim eptir.

Að það einkum fari eptir því, hvernig hinum ytri atvikum við dauða eins manns er varið, hve mikil eða lítil áhrif burtkallan hans hefur á oss, að það einkum sè áratala hins burtsofnaða, hve uppbyggilegur og ómissandi hann var í mannlegum sambúðum, sem hafi mikla verkun þar á, það er, eins og þèr vitið, hæstvirdtu vinir! almennt og alkunnugt. Þegar efnileg börn á æskuskeiði hníga í dauðans djúp, þegar menn á bezta aldri með óveiktum kröptum eru hèðan kallaðir, þegar skyndilega eru hèðan hrifnir feður eða mæður, sem sýndust geta lifað lengi ennþá, til heilla starfað náúngum sínum, því fèlagi manna, sem þeir voru í — þá fær þetta mikillega á oss; með sárri sút og í þúngum þaunkum berjum vèr oss á brjóst og hugur vor dvelur rètt ósjálfrádt við þá hugsun, hve fánýtt, fallvalt, skammvinnt allt jarðneskt sè. Þegar dauðinn þar á móti hèðan kallar aldraða bræður eða systur, þegar hann gjörir enda á hèrveru þess manns, þeirrar konu, hverra lífskraptar fyrir laungu voru farnir að dvína, sem niðurbjúg og líka sem skuggi hjá því, sem áður var, fetuðu

sitt æfiskeið, þegar hann lætur hinn síðasta dag upprenna yfir þeim, sem hèr ekki höfðu neins betra að vænta, ekki eptir nokkru að bíða, þá er slík burtköllun vön að fá næsta lítið á oss, og þegar þannig við ber, er það opt hardtnær sú eina hugsan, sem hjá oss vaknar, að eptir náttúrunnar niðurröðun, hlutanna gángi, sè þetta nú einusinni þannig tilsett og hljóti þannig að ske. En svo á þetta ekki að vera; því ef rètt er aðgáð, þá veitir líka — og það ekki hvað sízt — burtkallan þeirra, sem hèðan kallast í hárri elli, margfaldt efni til alvarlegra íhugana, og hverr, sem ekki er of athugalaus, hann fær ekki svo litið til grafa slíkra, að hjá honum ekki vakni guðrækilegar trega tilfinnanir.

Þannig er einnig nú fyrir oss ástadt, er vèr stöndum hèr yfir moldum kristinnar meðsystur, sem eptir lángt, heiðurlegt, uppbyggilegt líf frá oss flutti, eptir að flestir þeirra, sem með henni höfðu uppalizt, voru hèðan farnir, lífsins gleði hætt að smakkast henni og hún því nær alveg hafði dregið sig út úr heiminum og lifði hèr á því heiðursverða heimili, hvaðan vèr nú fylgðum líki hennar híngað í guðs hús, því fyrsta, sem komið hefir undir þak þetta eptir seinustu umbót þess. Því þó að hennar jarðneski viðskilnaður ekki fái eins á hjörtu vor, ekki einusinni á hjörtu þeirra, sem henni stóðu næst, eins og ef öðruvísi hefði á staðið; já, þó vèr ekki getum annað, en samfagnað hennar lausn undan lífsins oki og af hjarta unnt henni þeirrar hvíldar, sem hún nú fengið hefir, eptir liðugra 70 ára dvöl hèr á jörðu, þá fáum vèr samt ekki frá oss hrundið þeim söknuði blönduðu gleði-tilfinnunum, þeim alvarlegu hugsunum, sem við þetta atvik rètt ósjálfrádt hjá oss vakna.

Því — segið mèr, kærir vinir! þèr, hæstvirdtu börn og tengdabörn hinnar framliðnu! Segið mèr:

hvað er það, sem yður fyrir augu ber, er þèr lítið yfir hennar nú enduðu lífsleið? Er það ekki fyrst og fremst föðurgæzka hans, í hverjum vèr allir lifum, erum og hrærumst, og sem líka ól og annaðist þessa vora framliðnu frá fyrstu til seinustu stunda hennar lífs? Var það ekki hönd hans, sem veitti henni hennar miklu atgjörfi sálar og líkama, sem svo föðurlega leiddi hana um lífsins tíðum ógreiðu vegi, öll þau mörgu ár, sem hún dvaldi hèr; sem svo viðhèlt kröptum hennar og líkama heilbrigði allt til seinustu stunda hennar lífs, að hún ávalt gat haft eitthvað fyrir stafni, sèr til dægrastyttíugar, en öðrum til gagns; sem varðveitti hana fyrir þeim mörgu hættum, sem lífi hvers manns búnar eru, og ekki hvað sízt köllun móðurinnar eru óaðskiljanlega samfara; sem blessaði hjónaband hennar 11 lífsafkvæmum, lofaði henni að halda 10 af þeim hjá sèr, lèt þau uppvaxa henni til gleði, veitti henni það eptirlæti, að sjá þau öll fá góðan, já, einhvern hinn bezta ráðahag; sem á mörgum mæðustundum hèlt henni upprèttri, veitti henni hug og dug, og það ekki hvað sízt við fráfall hans, hverjum hún hafði gefið hjarta sitt, saman við hvern hún hafði búið í hardtnær 20 ár í ástúðlegasta hjónabandi; sem í hennar lánga, liðugra 20 ára, ekkjustandi var hennar skjól og skjöldur; sem lèt elsku barna hennar og tengdabarna, fagran hóp barnabarna — hún var amma 37 afkvæma — lètta henni ellinnar annmarka, sykra henni kvöld hennar æfi, hjúkra henni á hennar banabeði; sem lèt dauða hennar ekki að bera með ómjúkum átektum, heldur hægt og stillt, án þess laung kröm væri á undan gengin, því í sótt hafði hún aldrei fyrr legið, þó hún, seinasta vetur síns lífs, væri venju fremur lasburða? Og er vèr lítum til þess, hvað eptir hana liggur, hvernig hún stóð í stöðu sinni,

hve margs verðum vèr þá varir, sem við burtför hennar mikillega fær á oss! því hve margt og mikið gott og gagnlegt liggur eptir hana á hennar laungu lífstíð! Hún vann, meðan dagur var og hún vann, ekki með hángandi hendi, heldur með elju og atorku; og það mun óhætt að fullyrða, að hún, sem maki, móðir, hússmóðir, hafi átt fáa sína líka. Hve stórt og örðugt heimili húu átti um að sjá, meðan maður hennar lifði, og hve mikinn þátt hún átti í að veita því heiðurlega forstöðu, er alkunnugt. Umsjón heimilisins — og það var stórt: mörg börn, mörg hjú, mikil aðsókn — hvíldi að miklu leyti á henni, og enginn, sem til þekkti, mun segja, nè geta sagt, að hún í því efni hafi látið nokkuð það vanta, sem af henni krafðist, því allt var hjá henni hvað eptir öðru: ráðdeild, dugnaður, reglusemi, vinnusemi, umsjónarsemi úti og inni, og þó jafnframt gestrisni, rausn, hjálpsemi, góðgjörðasemi; þarum gat hverr sá gengið úr skugga, sem kom á hennar góðfræga heimili. Með hvílíkri elsku hún hèkk við mann sinn, með hvílíkri lempni, nákvæmni, elskusemi hún stirkti hann og stoðaði í meðlæti og mótlæti, á heilum sem vanheilum dögum, með hvílíkri alúð og árvekni hún annaðist uppfræðíng og uppeldi sinna mörgu barna, með hvílíkri greind og góðsemi hún breytti við sín mörgu hjú, það er alkunnugt. Og þegar hann var frá henni tekinn, hverjum hún hafði gefið hjarta sitt, með hvílíkri karlmennsku barðist hún þá sem hetja í sínu ekkjustandi, með hvílíkri alúð og árvekni annaðist hún þá börn sín og þeirra menníngu! Því þó að svið hennar verknaðar yrði minna eptir fráfall elskhuga hennar, þá mínkaði samt ekki laungunin til að starfa, ekki kjarkurinn, ekki tápið til þess. Já, einnig á hennar seinustu æfistundum, þegar hag hennar var orðið svo varið, að hún þurfti þess ekki

með og gat dregið sig frá lífsins umsvifum, þá lagði hún samt ekki hendur í skaut sèr, heldur varði æfinni til nytsamra starfa, og var það þá einhver hennar kærasta iðja, að fræða börn sinna og annara. Hverr, sem þekkt hefði öll hennar æfikjör, hann mundi bezt geta borið um, hvert ekki opt og margvíslega reyndi á þrek hennar og sálar-stirk; en hennar tápmikla sál sigraði það allt, og hún lærði af því sem hún leið, lærði guðrækilegt hugarfar, þá guðhræðslu, sem ekki við hana skildi, meðan lífið treindist, sem var hennar ellistoð. Ó, þegar því lífi er lokið, sem svo er heiðurlegt, eins og þetta líf var, þegar þeir dagarnir eru á enda, sem voru auðkenndir svo margri miskun guðs, fram liðnir í eins dyggri skyldurækt og vorrar framliðnu, hverr skyldi þá fá varist guðrækilegum trega tilfinnunum? Skyldu þá ekki einnig þeir, sem með söknuði, kærleika, þakklæti hefja augu sín í hæðir, af hjarta og munni undirtaka: „*Sælir eru þeir, sem í drottni deya! Andinn segir, að þeir hvíli af þeirra erfiði og þeirra verk fylgi þeim eptir.*"

Já, með þessari hugsun líta börn og tengdabörn, lítum vèr allir þetta jarðneska legurúm, í hverju hinar dauðlegu leyfar þessarar framliðnu nú hvíla. Vèr hefjum með þakklæti huga vorn til guðs, sem á hennar laungu vegferð hèr á jörðu svo mjög á henni gjörði sig dýrðlegan, veitti henni svo margskonar blessan, þar til honum nú þóknaðist að kalla hana hèðan sadda lífdaga í hárri elli, og innleiða í sína eilífu dýrð. Vèr þökkum honum fyrir allt það góða, sem hann gaf henni krapta og færi á til vegar að koma, og viljum nú flytja hennar niður hrundu tjaldbúð í reit guðs barna, hvar rækt barna hennar og tengdabarna hefir sjeð um, að hún, við hlið hans, sem henni hèr á jörðu var sárast festur, bíða skuli

upprisu alls holds. Vèr heiðrum hennar minníngu sem merkis konu, er krafizt gat og ávann sèr virðíng og elsku allra góðra, sem hana rètt þekktu. Biðjum guð að gefa oss margar konur, mæður, hússmæður henni líkar! En umfram allt, þá viljum vèr láta íhugun þess, hvernig hún stóð í sinni stöðu, hvað eptir hana liggur, stirkja hjá oss þá sannfæríngu, að vort sanna ágæti er komið undir því, hvernig vèr verjum því pundi, drottinn lènti oss; að það er einúngis með dygð og dáðríkri iðni, að vèr fáum áunnið oss virðíng og elsku meðbræðra vorra; að vèr, þegar hèðan förum, einúngis með því móti getum vænt þess, að minníng vor lifi í blessan manna á meðal, ef vèr, svo framt oss varunnt, höfum ástundað í sèrhverju tilliti að gjöra oss þess maklega; að sú stund, er vèr hljótum hèr við að skilja, einúngis með því móti getur orðið oss sæt og sælufull, ef vèr, eins og þessi vor framliðna, vonglaðir fáum sagt: *„Eg hefi barizt góðri baráttu, hlaupið fullkomnað, trúnni haldið; þess vegna er mèr líka afsíðis lagður rèttlætisins sigurkrans.*

Og þar til virðstu, heilagi faðir, sem einnig hefir talið vora daga og ritað þá í þína bók, að veita oss stirk af hæðum! Þitt alvísa ráð ræður því, hvert vèr seint eða snemma yfirgefa egum þetta jarðneska líf; veit oss einasta náð til þess, að vèr við enda vegferðar vorrar, eins og þessi vor framliðna, fáum litið tilbaka með glöðu þakklæti fyrir þína föðurlegu handleiðslu, virdtir og harmaðir af öllum góðum, skrýddir fögrum dygðum og mannkostum, ríkir af þeim fjársjóðum, sem eilífir eru og ei við oss skilja við dauðans komu, heldur fylgja oss fram yfir gröf og rotnan til vors himneska föðurlands, hvar vor borgarrèttur er. amen.



Hèr hefur nú væra hvíld 

eptir vel unnið dagsverk

Ekkjan MARGRETHE ANDREA

KNUDSEN,

fædd HÖLTER.

Hún kom í heiminn 4. Janúar. 1779,

andaðist 2. Maí 1849,

lifði með manni sínum,

kaupmanni LAURIZ MICHAEL KNUDSEN, 19 ár,

ekkja eptir hann 21 ár,

egnaðist 11 börn, 10 af þeim lifa,

og 37 barnabörn.

Hver var hún? Merkiskona.

Hún þekkti ekki hègómaskapinn.

Hún gegndi með guðlegu sinni

lífsins köllun alúðlega,

var því: ástúðleg kona,

elskuleg móðir, sannkölluð hússmóðir,
góðsöm, greind, tápmikil.
Guð gaf! Guð tók!
Guð gefi voru landi margar henni líkar!

Á. H.


Lbs - Hbs / Þjóðdeild
100815401-3

